

því, sem eg finndi sannast og réttast, og því ætlaði eg að reyna að fylgja. Og svo var um alla félaga mína í hreyfingu þessari.

Vér sáum það svo glögg, að Kristur hafði kennt eilist viti, hvað eftir annað, eins og sjá má af fjallræðunni, skírninni, dómnum á dónisdegi, djöflaútrekstrinum o. fl., er eg oftlega hefi á drepið. Vér sáum því glögg, að vér þurftum að fara að rannsaka ritninguna, vér höfðum áður lesið hana eins og hálfvitar eða óvitar, og svo lásum vér og og lásum, og niðurstaðan varð sú, að bókstaflegur innblástur hennar, heilagleiki og sannleiksgildi fór allt forgörðum, og ein trúarkenningin eftir aðra leið sem reykur í loft upp. Vér vildum leita eftir sannleikanum, vér vildum losna við hinar viðbjóðslegu hugmyndir um ófullkominn, grimman og hefnigjarnan guð, og vér sáum það allt sópast burt sem niðurlægði skaparann, og gjörði hann stafkörlum og ræningjum verri.

Hvort urðum vér nú verri menn og óguðlegri, eins og sumir segja, við þetta? Eg held ekki; ekki vita menn til, að glæpir hafi nokkuð vaxið hjá þessum mönnum. Oss varð eðlilega eins og flestum öðrum, sem fá nýjar hugsjónir og reyna að berjast fyrir þeim. Vonirnar, hugmyndirnar hrifu oss með sér. Hjörtu vor fylltust fögnuði óslökkvanlegra eftirlangana og brennandi vona. Augnamið vort var það, að reyna að losa sem flesta við þenna seigpínandi, slítandi ótta, ótta fyrir helvít og kvölunum, ótta fyrir reiðum og hefnigjörnum guði. Oss fannst vér sjálfir verða svo léttir og glaðir, ánægjan með sjálfa oss varð meiri, elskan til guðs varð svo miklu heitari, elskan til lífsins, náttúunnar, mannanna, varð svo miklu sterkari, veglegri og fugurri. Það var eins og vér vildum vefja allt örmum hins heitasta og hreinasta kærleika, mennina, mannlífið, náttúruna og skaparann föður og höfund alls þessa. Og oss sýndist vegurinn svo sléttur og krókalaus. Steina og hellur sáum vér ekki á leiðinni svo stóra, að oss mundi ofaukið að velta þeim. Vér vildum berjast fyrir þessu, fyrir hinu sanna og tagra og góða. Nú fyrst fannst oss heimurinn, réttlætið og kærleikurinn brosa við oss. Baráttuna sáum vér fyrir, en vér gengum glaðir og öruggir út í hana. Vér sáum það, að jafnframt því, að berjast á móti kennungunni